

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2002  
komudagur 22.4.2002



## DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 560 9010 bréfasími: 552 7340  
netfang: postur@dkm.stjr.is  
veffang: <http://domsmalaraduneyti.is>

Reykjavík, 17. apríl 2002

Tilvísun: DKM02040091/000/JG/--

Ráðuneytið vísar til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. apríl sl., en með því er dómsmálaráðuneytinu sent til umsagnar frv. til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna, 391. mál, breyting ýmissa laga.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmið frumvarpsins sé tvíþætt, annars vegar það að afnema skattlagningu meðlagsgreiðslna og hins vegar það markmið að fela Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu á meðlagsgreiðslum umfram lágmarksmeðlag og innheimtu á menntunarförlögum og sérstökum förlögum. Til að ná þessum markmiðum eru lagðar til breytingar á fernum lögum.

Ráðuneytið gerir engar sérstakar athugasemdir vegna fyrra markmiðsins um afnám skattlagningar meðlagsgreiðslna og verður ekki annað séð en sú tillaga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem lögð er til í frumvarpinu, leiði til þess að settu markmiði verði náð. Eðlilegt er engu að síður að benda á að verði breytingartillögur þessar að lögum verður munur á skattskyldu lífeyrisgreiðslna milli hjóna eftir skilnað á grundvelli hjúskaparlaga og meðlagsgreiðslna, þar sem makalífeyrir umfram grunn ellilífeyri verður eftir sem áður skattskyldur.



Að því er síðara markmið frumvarpsins varðar að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði falin innheimta meðlags umfram lágmarksmeðlag tekur ráðuneytið fram að III. kafla frumvarpsins, sem hefur að geyma tillögu að breytingu á 3. mgr. 3. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum, lýtur að því atriði og verður ekki séð að breytingar sem lagðar eru til á lögum um almannatryggingar og barnalögum, sbr. II. og IV. kafla frumvarpsins, séu nauðsynlegar til að ná þessu markmiði. Þær breytingar leiða á hinn bóginn til þess að meðlag umfram lágmarksmeðlag greiðist úr Tryggingastofnun ríkisins en álitamál er hvort slíkt sé eðlilegt og í samræmi við almenn markmið og hlutverk stofnunarinnar.

Ráðuneytið vekur enn fremur athygli á því að í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímansdóttur á Alþingi, 127. löggjafarþingi, 86. mál, bendir ráðherra á að einfaldasta, og væntanlega ódýrasta, lausnin á innheimtu aukinna meðlaga sé að Innheimtustofnun sveitarfélaga nýti þá heimild sem hún hefur samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga um stofnunina. Það er því skoðun

ráðuneytisins að þær tillögur sem lagðar eru til í III. kafla frv. séu til sæmræmis við framangreint.

Að lokum bendir ráðuneytið á að með bréfi ráðuneytisins til réttarfarsnefndar, dags. 6. mars sl., er nefndinni falið að kanna hvort og þá með hvaða hætti unnt sé að breyta aðfararlögum, nr. 15/1998, til þess að einfalda innheimtu samkvæmt úrskurðum sýslumanna um framfærslueyri á grundvelli barnalaga nr. 20/1992. Svára er að vænta frá réttarfarsnefnd fyrir 1. júní nk.

F. h. r.

 /   
Björn Friðfinnsson / Jóhanna Gunnarsdóttir



Alþingi  
Erindi nr. P 127/2047  
komudagur 22.4.2002

Reykjavík, 19. apríl 2002

**Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
bt. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur**

**Efni: Umsögn Félags ábyrgra feðra um Frumvarp til laga um meðlagsgreiðslur,  
þskj. 637.**

Stjórn Félags ábyrgra feðra hefur fjallað um frumvarp um breytingu á lögum um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra. Félag ábyrgra feðra er sammála í meginráttum þeim viðhorfum sem koma fram í frumvarpinu að ekki sé réttlátt að bæði meðlagsgreinandi og meðlagsþiggjandi skulu þurfa að borga skatt af greiðslu. Hér á eftir fer álit félagsins á einstökum greinum frumvarpsins:

Um 1.gr.

Stjórn félags ábyrgra feðra telur að breyting á skattalöggjöfni í þá á að meðlagsgreiðsla til meðlagsþiggjanda skuli vera skattfrjáls eigi rétt á sér. Félagið vill lýsa yfir ánægju sína með þá viðleitni að tvísköttun af þessu tagi eigi sér ekki stað.

Um 2. 3. og 4.gr

Stjórn Félags ábyrgra feðra gerir ekki athugasemdir við það að innheimtustofnun sveitafélaga sé gert skylt að innheimta allar meðlagsgreiðslur í samræmi við úrskurði og án þess að innheimta gjald fyrir þjónustuna, sé þess óskað.

Stjórn félagsins vill þó benda á að greinagerð sú sem fylgir tillögunni er um margt ófullnægjandi að mati félagsins, þótt athugasemdir félagsins við hana verði ekki rakin hér. Þá vill stjórn félagsins benda á að tryggja beri að báðum aðilum í brotnum fjölskyldum sé gert það kleyft að lifa mannsæmandi lífi.

Fh. stjórnar Félags ábyrgra feðra

Baldvin Zarióh, gjaldkeri

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2145  
komudagur 13. 5. 2002

**Félag einstæðra foreldra – Tjarnargata 10d – sími 5511822**

Reykjavík, 9. maí 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Félag einstæðra foreldra styður frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattlega meðferð þeirra, 391. mál, breyting ýmissa laga.

Lýsum ánægju okkar yfir því að kjör einstæðra foreldra séu tekin inn í umræðuna um meðlagsgreiðslur og vonumst til að fleira verði gert á hinu háa Alþingi til þess að bæta kjör láglauna einstæðra foreldra. Frumvarp þetta er lagt fyrir 127. löggjafarþing 2001-2002. Þskj. 647 - 391. mál.

Virðingarfyllst,  
Fyrir hönd Félags einstæðra foreldra




Margrét Berndsen formaður

E.s.

Biðst velvirðingar á því hvað svar berst seint til ykkar.

HAFNARFJARÐARBÆR

STRANDGATA 33  
220 HAFNARFJÖRÐUR



SÍMI 585 5700  
BRÉFSÍMI 585 5709  
www.hafnarfjordur.is

FÉLAGSPJÓNUSTAN

*Alþingi*

*Erindi nr. P 127/1981*

*komudagur 16.4.2002*

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hafnarfirði 16. apríl 2002.

Vísað er til bréfs yðar dags. 10. apríl 2002 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra.

Félagspjónustan í Hafnarfirði lýsir yfir stuðningi við frumvarpið og telur það stórt skref í átt að bættum kjörum einstæðra foreldra, verði það að lögum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félagspjónustunnar í Hafnarfirði,

Guðríður Guðmundsdóttir, lögfr.



Reykjavíkurborg  
Félagsþjónustan

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2045  
komudagur 22.4.2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2002


**Efni:**

**Frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið  
lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra.  
Umsögn Félagsþjónustunnar í Reykjavík.**

Félagsþjónustunni í Reykjavík hefur borist bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. apríl 2002, þar sem óskað er umsagnar Félagsþjónustunnar í Reykjavík um frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna, 391. mál, breyting ýmissa laga..

Félagsþjónustan hefur farið yfir fram komið frumvarp og styður það. Ekki eru gerðar athugasemdir við einstaka greinar.

f.h. Félagsþjónustunnar í Reykjavík

  
Þórunn Sigurðardóttir  
lögfræðingur

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2023  
komudagur 19.4.2002



Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. apríl 2002, þar sem Fjölskylduráði er sent til umsagnar frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna, 391. mál.

Fjölskylduráð styður eindregið þau markmið sem fram koma í frumvarpinu og hvetur til að þau verði lögfest, þ.e. að afnema skattlagningu meðlags og tryggja einstæðum foreldrum öruggar meðlagsgreiðslur, hvort sem um er að ræða eingöngu lágmarksmeðlag eða einnig aukameðlag.

Reykjavík 18. apríl 2002

  
Fjölskylduráð

Borgartúni 21, 105 Reykjavík  
sími 530 2609, netfang fjolskyldurad@bvs.is

# INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

LÁGMÚLA 9 • SÍMI: 568 6099 • FAX: 568 6299 • PÓSTHÓLF 5172 • 125 REYKJAVÍK  
KT.: 530372-0229 • BANKI: LANDSBANKI ÍSLANDS 139-26-4700

Alþingi  
Erindi nr. P. 27. 280  
komudagur 7. 4. 2002

## Alþingi

Efnahags- og viðskiptanefnd  
c/o Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2002

Umsögn Innheimtustofnunar sveitarfélaga varðandi þsk. 647, 391. mál, 127. löggjafarþing 2001-2002: „Frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra”.

### I.

Innheimtustofnun sveitarfélaga telur að meðlagsgreiðslur eigi að vera skattfrjálsar og á það jafnt við um lögboðið lágmarksmeðlag, sem aukin meðlög á grundvelli meðlagsúrskurðar eða staðfests samnings milli foreldra.

### II.

Innheimtustofnun sveitarfélaga mótmælir því harðlega að handhafar meðlagsúrskurða, skilnaðarsamninga og annarra heimildarskjala eigi óheftan aðgang að Innheimtustofnun sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga gegnum Tryggingastofnun ríkisins.

Núgildandi kerfi hefur verið sveitarfélögunum þungur baggi. Tryggt hefur verið í áratugi að einfalt meðlag, meðalmeðlag, sem er sömu fjárhæðar og barnalífeyrir almannatrygginga eða nú kr. 15.076,- pr. mánuð er lagt út hjá Tryggingastofnun ríkisins og umboðum hennar þ.e. sýslumönnum landsins.

Hefur því ávallt verið hafnað, að auka við þessar fjárhæðir af ýmsum ástæðum. Geta má þess að þetta fyrirkomulag hefur aukið peningaleg umsvif mjög. Er nú svo komið að kröfur Tryggingastofnunar ríkisins á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga nema orðið um kr. 220 milljónum pr. mánuð. Nefna má eftirfarandi staðreyndir:

Yfirlit yfir meðlagsgreiðslur á árunum 1999, 2000 og 2001:

Ár:	Fjöldi móttakenda:	Fjöldi barna:
1999	10.517	14.431
2000	10.576	14.545
2001	10.589	14.605

Þá voru greidd út sérstök framlög skv. 1. mgr. 15. gr. barnalaga til 87 einstaklinga árið 1999, til 81 einstaklings árið 2000 og 90 einstaklinga árið 2001.

Hinn 1. janúar 2001 var meðlagið hækkað úr kr. 13.361,- í kr. 13.895,- eða um 4%. Hinn 1. janúar 2002 var meðlagið hækkað í kr. 15.076,- eða um 8,5%. Hér er því um verulega hækkun að ræða sem hækka mun allar tölur í samskiptum Jöfnunarsjóðs,



# INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

LÁGMÚLA 9 • SÍMI: 568 6099 • FAX: 568 6299 • PÓSTHÓLF 5172 • 125 REYKJAVÍK  
KT.: 530372-0229 • BANKI: LANDSBANKI ÍSLANDS 139-26-4700


Tryggingastofnunar ríkisins og Innheimtustofnunar sveitarfélaga á árinu 2002. Um frekari hækkanir gæti verið að ræða síðar á árinu ef ríkisstjórnin ákveður að hækka barnalífeyri almannatrygginga.

Á árinu 1999 námu greiðslur frá sjóðnum kr. 544.059.734,- til þess að gera upp við Tryggingastofnun ríkisins. Árið 2000 námu þessar greiðslur 517.901.468,-. 2001 voru sóttar kr. 685.600.000,- í sjóðinn. Ljóst er því að um töluverða aukningu á greiðslum er að ræða fyrir síðastliðið ár.

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur tekist að innheimta ca. 70% af kröfum hvers árs. Það sem vantar á þarf að innheimta með miklum erfiðismunum á mörgum árum. Sumt tekst ekki að innheimta, það er því ljóst eins og fjárhag sveitarfélaganna er nú hátt að ekki er bætandi á útgjöld Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með því að auka fjárstreymi á þessu sviði.

Hætta er á misnotkun. Fólk gæti samið um aukin meðlög og ekki greitt síðar. Til þess að bæta hag barnafólks má grípa til annarra úrræða t.d. að bæta barnabótakerfið í skattalögunum.

Virðingarfyllst,



Innheimtustofnun sveitarfélaga  
Hilmar Björgvinsson, forstjóri

Alþingi, efnahags- og  
viðskiptanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. apríl 2002 ~~2002040228~~

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/2046*  
*komudagur 22.4.2002*

**Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið  
lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra.**

Þann 11. apríl sl. barst ríkisskattstjóra erindi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis varðandi hjálagt frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna. Erindið var sent ríkisskattstjóra til umsagnar.

Í nefndu frumvarpi er m.a. lögð til sú breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, að afnumin verði skattlagning á öllum meðlagsgreiðslum, hvort sem um er að ræða einfalt, tvöfalt eða jafnvel margfalt meðlag. Samkvæmt núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt telst tvöfalt meðlag (meðlag sem nemur fjárhæð tvöfalda barnalífeyris skv. 14. gr. laga um almannatryggingar) skattfrjálst, en er skattlagt eftir það.

Ákvæði laganna sem hér er lögð til breyting á er í raun meginákvæðið um tekjur, þ.e. það ákvæði sem hefur að geyma tekjuskilgreiningu laganna. Tekjuskattlagning á Íslandi byggir á mjög víðu tekjuhugtaki og almennt er varasamt að þrengja það vegna fordæmisáhrifa og framkvæmdaerfiðleika sem það kann að skapa. Eins og fyrr er getið eru meðlagsgreiðslur sem nema tvöfaldrí fjárhæð barnalífeyris ekki skattskyldar tekjur samkvæmt gildandi lögum. Rökin á bak skattfrelsi meðlagsgreiðslna byggja almennt á megin sjónarmiðum um fjármunatilfærslur á milli aðila innan grunnfjölskyldueiningar. Tekjurnar eru þannig skattlagðar þegar til þeirra er unnið af meðlagsgreiðanda, en ráðstöfun til móttakanda telst ekki til tekna vegna tengsla aðila. Er þannig verið að tryggja einsköttun tekna sem varið er til meðlagsgreiðslna og er þannig varið til að standa straum af framfærslukostnaði fjölskyldu. Erlendis er misjafnt hvort skattbyrðin flyst af meðlagsgreiðandanum yfir á móttakanda teknanna (en þá eru meðlögin skattlögð hjá móttakanda sem nýtur í reynd teknanna en veittur frádráttur hjá greiðanda) eða hvort þau eru skattfrjáls hjá móttakanda eins og hér er lagt til. Það er grundvallarsjónarmið um tekjuskattlagningu á Vesturlöndum að hún byggir á svonefndri meginreglu um greiðslugetu. Í því felst að skattlagning má ekki ganga svo nærri mönnum að greiðslugeta til kaupa á a.m.k nauðþurftum má ekki skerðast óhæfilega.

Ætla verður að ekki sé hætt á því hér, enda gengið út frá því að í meðlagsúrskurði eða staðfestum samningi um meðlagsgreiðslu sé tekið mið af greiðslugetu meðlagsgreiðanda, m.a. með hliðsjón af að hann greiði skatta af meðlagsfénu. Í ljósi þessa gerir ríkisskattstjóri út af fyrir sig engar athugasemdir við framangreindar breytingartillögur.

Virðingarfyllst  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Ásta Kristjánsdóttir

  
Indriði H. Þorláksson

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ. lútt, 2002*

*komudagur: 20.4.2002*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2002

EA/KSG/030/02


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögbundið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra, 391. mál.**

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. apríl 2002, um að Tryggingastofnun ríkisins veiti umsögn um ofangreint lagafrumvarp. Í frumvarpinu er lagt til Tryggingastofnun ríkisins hafi milligöngu um greiðslu meðlags umfram lögbundið lágmarksmeðlag, að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði gert skylt að innheimta meðlag umfram lögbundið lágmark án kostnaðar fyrir meðlagsmóttakanda, og að skattlagning meðlagsgreiðslna verði afnumin.

Ekki er talin ástæða til að gera athugasemdir við að einstæðir foreldrar hafi aðgang að Tryggingastofnun um allar meðlagsgreiðslur sem úrskurðaðar eru eða samið er um, óháð fjárhæð, enda verði núgildandi lagaákvæði um endurgreiðslur Innheimtustofnunar sveitarfélaga óbreytt. Stofnunin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum við frumvarpið og telur að það geti stuðlað að aukinni velferð barna einstæðra foreldra, nái það fram að ganga. Þó er rétt að vekja athygli á því að í greinargerð með lagafrumvarpinu, bæði í almennum athugasemdum og í athugasemdum við 2. og 4. gr. er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins sé heimilt að greiða meðlag sem er umfram lágmarksmeðlag, en í núgildandi 1. mgr. 25. gr. barnalaga nr. 20/1992 er Tryggingastofnun gert *skylt* að greiða meðlag að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ákvæðið er óbreytt að þessu leyti í frumvarpinu. Heppilegra kann að vera að gæta samræmis í orðavali milli greinargerðar og lagafrumvarps, þótt ákvæðið sjálft taki að sjálfsögðu af öll tvímæli um skyldu stofnunarinnar.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki afstöðu til skattalegrar meðferðar meðlagsgreiðslna.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason  
forstjóri